

**8. fundur Samstarfsnefndar um sameininu sveitarfélaganna
Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs, Seyðisfjarðarkaupstaðar og
Borgarfjarðarhrepps, haldinn þriðjudaginn 11. febrúar 2019 á
bæjarskrifstofu Fljótsdalsheráði, Lyngási 12. Fundurinn hófst kl.
14:00.**

Björn Ingimarsson, Jón Þórðarson, Jakob Sigurðsson, Elvar Snær Kristjánsson, Gauti Jóhannesson, Þorbjörg Sandholt, Anna Alexanderdóttir, Steinar Ingi Þorsteinsson, Hildur Þórisdóttir, Bergþóra Birgisdóttir, Helgi Hlynur Ásgrímsson og Aðalheiður Borgþórsdóttir. Einnig Róbert Ragnarsson og Páll Björgvin Guðmundsson frá RR-ráðgjöf sem rituðu fundargerð.

Björn bauð fundarmenn velkomna og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Lögð fram fundargerð síðasta fundar. Engar athugasemdir og telst fundargerðin samþykkt.

2. Kynning og almannatengsl.

Róbert fór yfir tillögu og uppsetningu að nýrri heimasíðu og innihald hennar. Heimasíðan er unnin af vefhönnuðinum Sigrúnu Júní. Fyrir liggur bráðabirgða uppsetning á síðunni. Efni síðunnar mun fjalla fyrst og fremst um efni sem snýr að sameiningunni.

Formenn funda munu útbúa úrdrátt úr fundargerðum starfshópa til að birta á heimasíðu.

Ákveðið að óska eftir þjónustu Creditinfo til að fá fréttáflutning um sameiningarverkefnið um leið og hann kemur fram í fjölmiðlum.

3. Starfshópar.

Verkefni á ábyrgð samstarfsnefndar

Rædd aðkomu ríkisins og verkefni utan sameiningar. Þá einnig málefni atvinnulífs, innviða og byggðarþróunar. Mikilvægt að halda vel á hlutum er varða m.a. heilsugæslu á svæðinu. Nokkur umræða skapaðist um málið. Ef heilsugæsla er ekki til staðar á stöðunum þá dregur það úr að fólk vilji búa á þeim stöðum. Fylgja þarf eftir stefnumótandi áætlunum ríkisins m.a. í heilbrigðismálum s.s. er varðar fjarþjónustu. Málefnið tengist líka öldrunarmálum en sveitarfélögin veita m.a. þjónustu til aldraðra s.s. er varðar félagslega heimaþjónustu, koma að rekstri hjúkrunarheimla o.fl. Mikilvægt er að tryggja sem best viðbragðsþjónustu s.s. er varðar sjúkraflug og sjúkraflutninga, ekki bara vegna íbúanna heldur líka vegna ferðamanna sem um svæðið fara. Þá voru ræddar ofanflóðavarnir m.a. sem snúa að þeim verkefnum á Seyðisfirði. Mikilvægt er að kortleggja grunnþjónustu svæðisins með vísan í byggðaráætlun 2018-2024. Í áframhaldandi vinnu um sameiningu sveitarfélaganna er það líka grundvallaratriði að ná fram markmiðum í samgöngunbótum, innviðauppbyggingu og annari opinberri þjónustu sem er á ábyrgð ríkisins. Þá var komið inn á uppbyggingu m.a. í kringum atvinnuppbyggingu í laxeldi á Djúpavogi.

Ákveðið að ráðgjafar vinna minnisblað um áhersluverkefni í innviðauppbygginu og opinberri þjónustu sem rætt verður síðan á næsta fundi samstarfsnefndarinnar.

Fundir starfshópa

Fundir starfshópa eru farnir af stað og vinnan að komast á skrið. Formenn fóru yfir hvernig gengið hefði á fyrstu fundunum og almennt höfðu fundir starfshópa gengið vel.

4. Fundir samstarfsnefndar

Ákveðið að halda áfram umræðu um aðkomu ríkisins að sameiningu sveitarfélaganna, innviði, atvinnulíf og byggðapróun. Þá verði lögð fram drög að minnisblaði frá ráðgjöfum.

Ákveðið að óska eftir fundi með ráðherra og þingmönnum í Reykjavík 27. eða 28. febrúar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl:17.00.

Páll Björgvin Guðmundsson og Róbert Ragnarsson rita fundargerð.